

# Október

# Pési

165 tbl. 13. Árgangur okt. 2003  
Útgefandi Hrunamannahreppur.  
Ritstj Svanhildur Pétursdóttir  
Sími:486-6617 HS.486-3410  
GSM.869-3094  
E-mail hruni@mmedia.is

Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir  
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410

**Í nóvember kemur Pésinn út föstud. 14.nóv.**

**Skilafrestur á efni er til 10.nóv**

Ritstjóri

**VÖNDULL ehf.-**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA**

**Daglegar ferðir REYKJAVÍK –  
FLÚÐIR og nágr.**

**Vöruafgreiðsla í Rvk.,  
AÐALFLUTNINGAR ehf.**

**Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.**

**Brottför frá Reykjavík:**

**mánud- föstud. kl. 16.00**

**Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson**

**Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.**

## VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Förðun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímamantanir í síma 566-8342*

*og 897-3741(Hlíf)*

### Frá sundlauginni Flúðum.

*Opnunartími:*

Mánudaga – fimmtudaga 18:00 – 22:00

Föstudaga 17:00 – 21:30

Laugard og sunnudaga 13:00 – 18:00

### Frá Íþróttahúsinu á Flúðum.

*Opnunartími í tækjasal:*

Mánudaga – fimmtudaga 17:00 – 22:00

Föstudaga 17:00 – 21:00

Laugardaga LOKAÐ

Sunnudaga 14:00 – 21:00

# FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

ferðaáætlun

Þriðjudaga - miðvikudaga - fimmtudaga -  
föstudaga

Brottför kl 15:00 frá **VM-Flytjanda**

Klettagörðum 15, Reykjavík.

Frá Húsasmiðjunni á Selfossi kl: 16:00

Pálmár: 892-2370

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: [fludal@binet.is](mailto:fludal@binet.is)

**Flytjandi**

- á réttri leið

**Frá Versluninni Strax Flúðum.**

**Vetraropnun**

Mánudaga til föstudaga 09:00-19:00

Laugardaga 10:00-19:00

Sunnudaga 10:00-17:00

**Hangikjöt Hangikjöt.**

Tökum að okkur að reykja kjöt  
Kristján og Ingibjörg Smárahlið.

S: 486-6464 - 862-8315



í líni Hrunamanna  
lagana

17. okt 31. okt  
og 14. nóv.

Pantið tímanlega.

Tímarpantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnosi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

**Hestaeigendur .**

Tökum hross í tamningu og þjálfun

Gunnar og Kari.

S:486-6069 - 863-8270 - 847-7627.

**Atvinna**

Óskum eftir starfsfólki í þessum og verkun  
í nóvember og desember.

Uppl.í s:891-6595 Þorbjörn

863-9662 Sigurður

**Samvera eldri borgara í uppsveitum Árnassýslu í  
Skálholti.**

Næsta samvera verður í Skálholtsskóla fimmtudaginn 23. október. Hefst kl. 11 og lýkur kl.16.

Meðal þess sem þarna verður í boði eru góðir gestir frá Kenýa er segja frá lífi sínu og trú. Jón Sigurbjörnsson hinn góðkunni leikari mun miðla úr sínum sjóði. Loks mun Gylfi Haraldsson læknir spjalla um heilsufar fólks á efri árum. Að sjálfsgöðu verður svo sungið og spjallað borðað og drukkið kaffi. Hér býðst kærkomið tækifæri til að rifja upp gömul kynni, efna til nýrra og og njóta þess að vera á góðra vina fundi.

### Nýtt og nýlegt á bókasafninu.

*Spádómabókin* eftir Símon Jón Jóhannsson

*Stóra draumaráðningabókin* eftir Símon J.Jónsson

*Elling* eftir Ingvar Ambjörnsen

*Skipafréttir* eftir Annie Prolux

*Samband hests og knapa* eftir Rikke Mark Schultz

*Sagan af PÍ* eftir Yann Martell

### **Handverksfólk athugið!!**

Stofnað hefur verið félag handverksfólks á Suðurlandi. Stofnfundur var haldinn á Selfossi 25. sept. Er meiningin að félagið reyni að miðla upplýsingum milli félagsmanna með fréttabréfi, sem koma á út tvisvar á ári og mun félagið einnig reyna að standa fyrir handverksmörkuðum þar sem félagsfólki gefst kostur á að kynna og selja vörur sínar. Félagið er fyrir alla sem eru að gera eitthvað í höndunum, sama hvort það er mikið eða lítið. Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig í félagið geta haft samband við undirritaða.

Helena Eiríksd S: 486-6575

*Spútnik ástin* eftir Haruki Murakami

*Hvíldardagar* eftir Braga Ólafsson

*Ýmislegt um risafurur og tímenn* eftir Jón Kalman

*Fluguveiðisögur* eftir Stefán Jón Hafstein

*Rauða serían:* Fjórar nýjar bækur í hverjum mánuði

*Teiknimyndasögur fyrir unglíngja og fleira fólk*

Og margt margt fleira.

### **Fréttir frá Nautgripærktarfélagi Hrunamanna.**

Haustfundur var haldinn 6. október síðastliðinn.

Runólfur Sigursveinsson ráðunautur mætti og sagði frá að lokið er efnagreiningum á rúmlega 500 heysýnum á landinu en verða þau um 750 í allt. Í hreppnum voru tekin um 60 sýni frá 12 býlum. 90% sýnanna eru úr fyrsta slætti. Þurrefni, orkugildi, prótein og steinefni eru ívið minni en í fyrra. Meðalþurrefni var um 57% án grænfróðurs. Sagði Runólfur að ríflega 300 fjós væru í notkun í sýslunum þremur á Suðurlandi en voru um 400 fyrir 5 árum. Á 5 árum hefur greiðslumarkið í hreppnum aukist um 16% og er nú um 4,3 milljónir lítra. Bústærð hefur aukist úr 97.000 lítrum upp í 134.000 lítra meðalbúið eða um 37%. Kúabúum fækkaði úr 38 í 32. Miðað við 600.000 lítra aukningu í kvóta má áætla að veltuaukning búanna hafi aukist um 45 milljónir.

Í árslok 1999 voru skráðar 1.036 mjólkurkúr hér en í árslok 2002 voru þær 979. Út frá innlögðu magni mjólkur og fjölda kúa hafa afurðir á kú aukist um 20% eða um 5% á ári.

Baldur Helgi Benjamínsson frá BÍ fjallaði um einstaklingsmerkingar nautgripa. Nýja reglugerðin á að tryggja matvælaöryggi og rekjanleika matvæla. BÍ hefur með framkvæmd og rekstur merkjakerfisins að gera sem verður fjármagnaður með merkjasölu. Ávinningur af einstaklingsmerkingu er neytendavernd, matvælaöryggi, styrkir ímynd landbúnaðarins og að innra eftirlit verði virkara. Kálfar sem fara nýfæddir í sláturhús þarf ekki að merkja. Kerfið á einnig að tryggja uppruna og ætterni gripa. Í dag er 32% af kúm ekki með skráð faðerni en 85% af kúm eru í skýrsluhaldi og ekki nema um helmingur af þeim eru virkar í kerfinu vegna rangra ætternisupplýsinga. Einnig verður samræmd skráning heisufarsupplýsinga sem auðveldar alla verslun með grip. Kerfið á að skila markvissari ráðgjöf, aukinni þátttöku í

skipulegu ræktunarstarfi og auðvelda allt eftirlit með flutningum. 1. janúar 2005 eiga allir gripir að vera merktir. Héraðsdýralæknir hefur eftirlitsskyldu með kerfinu.

Jón Viðar sagði frá ráðstefnu og hátíð sem haldin er í tilefni 100 ára afmælis félagsins en hún er auglýst annars staðar í Pésanum. Sagði hann einnig frá bókinni sem kemur út 1. nóvember þar sem rakin er saga félagsins síðustu 100 árin. (tilvalin jólagjöf!)

Margt annað var einnig rætt og spekúlerað á þessum fróðlega fundi.

Með kveðju frá stjórn félagsins.

Ráðstefnan er öllum opin og er aðgangur ókeypis.

Um kvöldið býður félagið öllum núverandi og fyrrverandi félagsmönnum sínum til kvöldverðar og skemmtunar, þeim að kostnaðarlausu. Öðrum sem áhuga hafa á, að samgledjast félaginu á þessum tímamótum eru velkomnir, en kvöldverður kostar 3.500 kr. Húsið opnar kl. 20:00, en borðhald hefst kl. 20:30.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í kvölddagskrá fyrir 25. október til stjórnar í síma 486-6648 (Jón Viðar), 486-6558 (Þórunn) eða 486-6590 (Esther).

HUGSAÐ UPPHÁTT ( vaðið úr einu í annað ).

Það er von á Pésanum með póstinum, ég hleyp við fót að ná í póstinn og að baki mér gellur í öðrum fjölskyldu meðlimum „, pant lesa Pésann á eftir þér”. Já slík er nú eftirvæntingin á mínu heimili eftir þessu merka fréttabréfi okkar sveitar.

Ég kem mér makindalega fyrir í hægindastól og bý mig undir lesturinn. „, Þunnur í roðinu”, skrifar Svanhildur, jú það eru orð að sönnu en til að bæta gráu ofan á svart þá er efni blaðsins: auglýsingar, opnunartímar, fundargerðir og aftur fundargerðir, já og reglugerðir. Ég fletti aftur, leita að einhverju skemmtilegu en nei, ekkert!!!

Er búið að handsama alla hunda á Flúðum?

Hvar er Jón Hermannson, er hann búinn að gefa alla sína hunda í Rangárþing?

Er presturinn hættur að skíra og gifta eða gefa söfnuðinum heilræði.

Ég veit reyndar að presturinn minn hefur verið mjög duglegur undan farið að leita að týndum sauðum en þeir eru allir fjórfættir.

Og skyldi andrúmsloftið á hreppsskrifstofunni vera svo þakið spennu að Svanhildur gleymir alveg að stinga einum og einum brandara í blaðið? Það mundi nú lífga upp á fundargerðir hreppsnefndar að setja einn og einn inn á milli liða og hafa þá í leturgerð 12 eða 14!!!

Ég skora á fólk að setjast niður og skrifa eitthvað skemmtilegt í Pésann, hann er liður í okkar menningu. Ég sting upp á gamansögum úr sláturgerð eða gæsveiðum. Nú berjast menn um gæsirnar á kornökrunum þar sem ekki má orðið skjóta rjúpunu.

## Nautgriparæktarfélag Hrunamanna 100 ára.

Nautgriparæktarfélag Hrunamanna fagnar aldarafmæli sínu 1.nóvember n.k. Verið er að leggja lokahönd á að skrifa sögu félagsins. Bókinni, sem er um 200 síður, er ætlað að gefa sem gleggsta mynd af nautgriparækt og skýrsluhaldi í máli og myndum í Hrunamannahreppi og þar með á Íslandi í 100 ár en félagið er eitt elsta nautgriparæktarfélag landsins. Páll Lýðsson sér um ritstörfin. Bókin verður til sölu hjá stjórn Nautgriparæktarfélags Hrunamanna frá og með 1. nóvember. Er þetta tvímælalaust jólagjöfin í ár fyrir þá sem áhuga hafa á sögu nautgriparæktar á Íslandi.

Í tilefni afmælisins verður haldin ráðstefna um nautgriparækt í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum laugardaginn 1. nóvember og er dagskráin eftirfarandi:

Kl. 12:00 Setning

Kl. 12:10 Inngangserindi – Páll Lýðsson

Kl. 12:40 Nautgriparæktarstarfið á Suðurlandi – Sveinn Sigurmundsson

Kl. 13:10 Þáttur Hrunamanna í íslenski nautgriparækt – Jón Viðar Jónmundsson

Kl. 13:40 Litaerfðir nautgripa – Stefán Aðalsteinsson

Kl. 14:10 Umræður

Kl. 14:30 Kaffihlé

Kl. 14:50 Próteinarfgerðir mjólkur – Bragi Línadal Ólafsson og Emma Eyþórsdóttir

Kl. 15:20 Erfðaframfarir í íslenska kúastofninum – Ágúst Sigurðsson

Kl. 15:50 Nýjungar í ræktunarstarfi/kynbótum nautgripa – Baldur H.

Benjamínsson

Kl. 16:20 Umræður

Kl. 17:00 Ráðstefnuslit

Mér finnst þessir veiðimenn alltaf mjög hugrakkir þegar þeir flykkjast í tugatali í felubúning með misöflug skotvopn og byrja að freta út í loftið hvort heldur er í miðri byggð eða upp á hálendinu. Ef ég gerist svo hugrökk að fara út að ganga á þessu tímabili dreg ég hvíta veifu upp á langt prik og held á lofti.

Að lokum ætla ég að óska nýjum sveitarstjóra góðs gengis í starfi, ekki veitir okkur sveitungunum af.

Magga S. Brynjólfsdóttir Túnsbergi.

## Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Eftir einmuna sumar er nú haustið farið að minna á að breytingar eru í vændum. Vetur konungur bíður handan við hornið með sínar beittu tennur og bitra andgust.

Að vanda fer heldur að lifna yfir starfi kirkjunnar um þetta leiti, eigi að síður er þó ýmislegt sem skeður á þessu sviði árið um kring er ekki fer alltaf hátt.

## Úr Kirkjubókinni

Síðast var vitnað í kirkjubókina í apríl og frá þeim tíma hafa eftirtalin prestsverk verið unnin hér innan sveitar.

## Skírnir

24. maí var **Jónas** skírður heima að Högnastíg 21 Flúðum. Hann er fæddur 25. nóvember 2002. Foreldrar hans eru Katrín Guðjónsdóttir og Guðmundur Jónasson.

25. maí var **Hrafnhildur Ósk** skírð heima í Syðra-Langholti. Hún er fædd 30. apríl 2003. Foreldrar hennar eru Arndís Eiðsdóttir Hveragerði og Gunnar Þór Jóhannesson, en hann er frá Syðra-Langholti. Séra Bernharður Guðmundsson skírði.

9. júní var **Páll Magnús** skírður í Hrunakirkju. Hann er fæddur 22. apríl 2003. Foreldrar hans eru Valdís Magnúsdóttir og Unnsteinn Hermannsson Langholtskoti. Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson skírði.

6. júlí var **Hjörný** skírð í Hrunakirkju. Hún er fædd 17. maí 2003. Foreldrar hennar eru Valný Guðmundsdóttir og Karl Guðmundsson Skipholti 1

29. ágúst var **Laufey Ósk** skírð í Hrunakirkju. Hún er fædd 30. júní 2003. Foreldrar hennar eru Guðbjörg Jóhannsdóttir og Grímur Guðmundsson Ásatúni.

## Hjónavígslur

Þann 24. maí voru **Katrín Guðjónsdóttir og Guðmundur Jónasson** gefin saman í heilagt hjónaband. Heimili þeirra er Högnastígur 21 Flúðum.

Þann 4. október voru **Gunn Marit Hals Apeland og Daníel Halldórsson** gefin saman í heilagt hjónaband í Hrunakirkju. Heimili þeirra er Efra- Sel 2.

## Barnastarfið.

Nú er kirkjuskólinn kominn af stað aftur og verður fram til jóla á laugardagsmorgnum. Kl 11 í Hruna. Það er gaman að segja frá því að myndefnið sem notað er að þessu sinni er unnið af nemendum í Flúðaskóla undir leiðsögn Sigríðar Helgu Olgeirsdóttur. Erum við að vonast til þess að listafólkið heimsæki okkur þegar þeirra myndir eru teknar fyrir og segi ofurlítið frá hugmyndum sínum að baki verkunum.

## Kyrrðarstundir

Kyrrðarstundir verða með svipuðu sniði og áður, í Hrepphólum á sunnudagskvöldum þegar ekki er messað. Næsta kyrrðarstund verður 26. október og aftur 2. nóv.

## Guðspjónustur

Næst verður messað í Hrepphólum 19. okt. kl. 11.  
Síðan í Hruna 9. nóv. kl. 11

## Biblíuspjall

Um daginn kannaði ég með áhuga á alfa námskeiði en þátttaka reyndist ekki næg. Í staðinn langar mig að bjóða upp á eins konar biblíuspjall í safnaðarheimilinu í Hruna. Ég sé þetta fyrir mér sem óformlegt spjall um kirkju og trúarlíf þar sem útgangspunktur væri einhver kafli úr Guðspjöllunum er væri lesinn og dreift í ljósriti. Og umræðan síðan spunnin út frá því. Ég ætla semsagt að tylla mér niður úti í safnaðarheimili næsta mikvikudag þann 15. okt. kl. 20:30 og síðan þriðjudaginn 21. okt. kl. 20:30. Svo sjáum við til með framhaldið.

Læt ég þessu lokið að sinni.  
Með ósk um Guðs blessun  
Eiríkur Jóhannsson.

## Dagskrá næstu mánuði á Hótel Geysi.

18. október: Villibráðarkvöld með lifandi tónlist og óperusöng.  
29. nóvember: Jólahaðborð með lifandi tónlist. Sigga Beinteins og Grétar Örvars líta við og syngja sig inn í hjórtu okkar eins og þeim einum er lagið.  
5. desember: Jólahaðborð með lifandi tónlist, þar sem þekktur söngvari mun líta við og skemmta fólki.  
6. desember: Jólahaðborð, þar sem hljómsveit mun spila fyrir dansi á eftir.  
12. desember: Jólahaðborð, þar sem Stebbi Hilmars og Eyjólfur munu syngja fyrir okkur af sinni alkunnu snilld.  
13. desember: Jólahaðborð, þar sem hljómsveitin Karma fær fólk til að æfa danssporin.  
14. desember: Fjölskyldujólahaðborð, sem byrjar kl. 18:00, eftir að hafa farið út í skóg og valið sér jólatré. Haldið í samráði við Skógrækt Ríkisins. Jólasveinn mætir á staðinn.

Matur á villibráðarkvöldi og á Jólahaðborði er kr. 4.900.- pr. mann.

Tilboð: Gisting + morgunverður + Jólahaðborð/villibráðarkvöld kr. 8.900.- pr. mann.

Þá verða einnig heilsudagar haldnir á Hótel Geysi sem hér segir:

1. Dagana 3-5 nóvember.
2. Dagana 14-16. nóvember.

Heilsudagar innihalda: Greiningu á ástandi líkamans með lithimnulestri, bak- og svæðanuddi, heilsufæði, fræðslu um varnir gegn ýmsum sjúkdómum, mikilvægi góðrar meltingar, ásamt fræðslu um mannleg samskipti og vellíðan, ásamt

**gistingu í vel búnum herbergjum,  
kvöldvökum á kvöldin og fullu heilsufæði**

**Leiðbeinandi verður Heiðar Ragnarsson.**

**Verð fyrir Heilsudaga á Hótel Geysi er kr. 25.000.-  
pr.mann. (kr. 5.000.- aukagjald fyrir  
einsmannsherbergi)**

**Pantanir í síma: 486-8915 milli kl. 9.00 og 16.00 eða með tölvupósti:  
[geysir@geysircenter.is](mailto:geysir@geysircenter.is)**

## **Heimaland**

Læknir verður til viðtals  
í "Kjallaranum"  
kl 14:00 fyrsta  
fimmtudag hvers  
mánaðar eins og  
verið hefur  
undanfarna vetur.

Óskum eftir starfsfólki í pelsun og verkun  
í nóvember og desember.  
Uppl í sínum: Þorbjörn 891-6595  
Sigurður 863-9662